

AUGLÝSING

um samkomulag um breytingu á Norðurlandasamningi um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi.

Hinn 30. október 2003 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samkomulagi um breytingu á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 17. júní 1981 um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi sem gert var í Helsinki 18. júní 2003. Tilkynnt verður um gildistöku samkomulagsins síðar.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. desember 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG um breytingu á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem æskja þess að samningurinn frá 17. júní 1981 um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi verði einnig látinn taka til færeysku, grænlenSKU og samísku, hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I. gr.

1. mgr. 1. gr. samningsins skal hljóða svo:

„Þær tungur, sem samningur þessi tekur til, eru íslenska, danska, finnska, norska og sænska ásamt færeysku, grænlenSKU og samísku.“

II. gr.

Samkomulagið öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er öll samningsríkin hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu um að það hafi verið staðfest.

III. gr.

Frumeintak þessa samkomulags skal afhenda til vörslu í finnska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum samningsríkjunum í té staðfest endurrit þess.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar með umboði undirritað þetta samkomulag.

Gjört í Helsinki hinn 18. júní 2003 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.